

Skipulagsstjórn getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum 1. mgr., þar sem skilyrði frá náttúrunnar hendi eru slík, að þessa verði ekki talin þörf.

V. KAFLI

Um staðfesting skipulags og gildi þess.

28. gr.

Staðfesting deiliskipulags er við það miðuð, að fyrir hendi sé aðalskipulag. Skipulagsstjórn getur þó lagt til við ráðherra, að deiliskipulag verði staðfest, þótt aðalskipulag sé ekki fyrir hendi, ef hún telur sýnt, að slíkt muni ekki koma í hága við væntanlegt aðalskipulag eða aðstæður svo óbrotnar, að slíks verði ekki talin þörf.

29. gr.

Heimilt er, ef skipulagsstjórn samþykkir, að staðfesta skipulag í áföngum, þannig að staðfesting taki hverju sinni aðeins til ákveðinna þátta skipulags (aðalskipulags eða deiliskipulags), en stefnt skal þó að því, að skipulagningu í heild verið lokið svo fljótt sem unnt er, skv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Nú óskar sveitarstjórn, að notuð verði heimild 1. mgr., og skal þá greinilega tekið fram í umsókn, uppdráttum og skýringum, til hvaða þátta skipulags ætlazt er til, að staðfesting nái.

30. gr.

Ef skipulagsstjórn eða sveitarstjórn óskar breytinga á staðfestu skipulagi, skal málsmeðferð hagað eftir 15.—18. gr. skipulagslaga, nema við eigi heimild 3. mgr. 19. gr.

31. gr.

Heimilt skal ráðherra, ef brýna nauðsyn krefur og að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, að veita undanþágu frá reglugerð þessari.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1967, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 56 26. marz 1953, um mat á frystum fiski til útflutnings.

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Óheimilt er að flytja skelflettan humar eða skelfletta rækju svo og fiskflök milli vinnuslustöðva áður en frysting fer fram.

Ráðuneytið veitir þó undanþágur frá ákvæði þessu til 1. október 1967, þar sem sérstaklega stendur á.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um umferð í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Eftir tillögum hreppsnefndar Garðahrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hefur verið ákveðið, að framúrakstur ökutækja skuli vera bannaður á Hafnarfjarðarvegi á svæðinu milli Silfurtúns og Hraunsholtshæðar.

Verður vegurinn á þessu svæði merktur í samræmi við ákvæði þessarar auglýsingar.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 26. október 1966.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Stokkseyrar nr. 253 31. desember 1965.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd annast lagningu heimæða frá aðalveitunni að vatnsinntökum íbúðarhúsa, greiðir allan kostnað við þær og annast viðhald þeirra.

Hverjum húseiganda ber að greiða kostnað við tengingu heimæðar við vatnslögn sína, og einnig fyrir vatnslagnir að útihúsum. Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalveitu eða heimæðum vatnsveitunnar.

Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Heimilt er að krefja hvern þann aðila sem fær heimæð lagða frá aðalveitu um allt að 2500.00 í stofngjald.